



Borgarstjórn

Viðauki við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna fullnaðarafgreiðsluheimilda Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur – fyrri umræða

Vegna breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2002 varðandi barnaverndarþjónustu og umdæmisráð barnaverndar sem koma til framkvæmda þann 1. janúar 2023 tekur borgarstjórn til umræðu viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar vegna fullnaðarafgreiðsluheimilda Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur.

Viðauki þessi fjallar um fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Reykjavíkur sbr. 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 í samræmi við 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga um framsal sveitarstjórnar á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Að lokinni fyrri umræðu á aukafundi borgarstjórnar þann 13. desember fer málið til síðari umræðu og endanlegrar samþykktar á fundi borgarstjórnar þann 20. desember 2022 í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar